

Rekstrarstöðvunartrygging

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



Vörður tryggingar

Skilmáli E-4

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

HVERNIG TRYGGING ER REKSTRARSTÖÐVUNARTRYGGING?

Rekstrarstöðvunartrygging er ætluð atvinnurekendum og fyrirtækjum. Hún er viðbót við lausafjártryggingu og bætir rekstartjón sem getur orðið vegna samdráttar í vörusölu eða þjónustu í kjölfar tjóns sem bótaskyld er úr lausafjártryggingunni. Ef brunatrygging er einungis í gildi nær rekstrarstöðvunartryggingin aðeins til rekstrarstöðvunar vegna bruna.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

- ✓ Rekstartjón af völdum bruna, vatnstjóns eða innbrotsþjófnaðar.
- ✓ Tjón vegna aukakostnaðar sem fellur til meðan atvinnuhúsnæði er ekki nothæft sökum tjóns á tryggðu lausafé eða hýsi sem lausafé er geymt í.
- ✓ Aukakostnaðartrygging vegna rekstrarstöðvunar (valkvæð trygging): Sannanlegan og óhjákvæmilegan aukakostnað sem váttryggður verður fyrir ef atvinnuhúsnæði hans verður ónothæft sökum bótaskylds tjóns í bruna-, innbrots- eða vatnstjónstryggingu lausafjár.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

- ✗ Aukið rekstartjón vegna verkfalls, verkbanns, vélarbilunar eða þess að töf verður á því að hefja reksturinn aftur sökum endurbóta, stækkunar, fyrirmæla hins opinbera eða þess háttar.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- Vátryggðum er skylt að hafa samvinnu við félagið um ráðstafanir til að koma í veg fyrir rekstrartap eða draga úr því.
- Vátryggðum ber að sjá um að umbúnaður á vátryggingarstað sé í fyllsta samræmi við reglur í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, eftir því sem við á. Vátryggðum ber að fara eftir fyrirmælum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem Mannvirkjastofnum og Neytendastofu.
- Dyr og aðrir inngangar skulu vera tryggilega læstir og gluggar lokaðir og kræktir aftur þegar geymslustaður er mannláus.
- Í óupphituðu húsnæði skal lokað fyrir vatnsaðstreymi, vatnslagnir ásamt viðfestum tækjum skulu tæmd af vatni þegar hætta er á frosti.
- Vörubirgðir í kjöllum skulu geymdar á vörugrind eða palli og ennfremur verður að vera niðurfall í geymslurýminu.



HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Tryggingin gildir aðeins á þeim stað sem tilgreindur er á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.



HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni.
- Tilkynna tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti. Iðgjöld hvíla sem lögveð á vátryggðri húseign og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á húseigninni hvíla nema sköttum til ríkissjóðs.



HVENÆR HEFST VÁTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.